

**Nr. 052/14 Jónína Brynja ÍS 55****Vélarbilun, eldur og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2868 IMO nr.  
Smíðaður: Hafnarfirði 2013 plast  
Stærð: brl. 29,88 bt.  
Mesta lengd: 14,91 m Skráð lengd: 14,80 m  
Breidd: 4,40 m Dýpt: 1,89 m  
Vél: Yanmar 485 kW, 2013  
Fjöldi skipverja: 3



Jónína Brynja ©Kristvín M. Þórsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 6. júní 2014 var Jónína Brynja ÍS 55 á siglingu til hafnar í Bolungarvík. Veður: Logn.

Þegar siglt hafði verið í hart nær tvo tíma, af miðunum í Þverál, var báturinn staddur líðlega tvær sml út af Rit. Skipstjóri var við stjórn þegar dró lítilsháttar niður í vélinni og það kviknaði aðvörunarljós fyrir smurþrýsting. Hann sló þegar af vélinni og sá frá myndavélinni úr vélarúminu að stimpilstöng kom út úr vélarblokkinni með sprengingu og eldur varð laus. Hann ræsti fjarstýrða slökkvikerfi vélarúmsins en þá var reykur í því orðinn svo mikill að lítið sást í myndavélinni en nokkru síðar greiddist úr reykjarkófinu og sást að eldurinn hafði slokknað.

Eftir að hafa vakið skipverja kallaði skipstjóri eftir aðstoð og dró björgunarskipið Gunnar Friðriksson bátinn til hafnar.


**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri sagði að enginn tími hafi gefist til þess að bregðast við aðstæðum eftir að aðvörun um að snurolúþrýstingur féll og í framhaldinu hafi kviknað eldur í vélarúminu;



Leiðbeiningar við samsetningu skilju

- að smurolían hafði öll farið út af vélinni þar sem olúskilja hafði opnast vegna þess að efri hluti stagbolta hennar slitnaði. Vélin gekk því án olúþrýstings þar til hún brenndi sig fasta og sveifarásboltar á stimpilstöng brotnuðu og við það „kýldi“ sveifin legubakka stangarinnar út úr sveifarhúsinu;
- að olúskiljan (By-pass filter) er fest utan á sveifarhúsið bakborðsmegin. Hún er til að hreinsa smurolíu vélarinnar en skiljuna þarf að hreinsa reglulega og var það vinnuregla um borð að hreinsun færi fram jafnhliða olúskiptum eða á 200–300 vinnustunda fresti. Opna þarf skiljuna í hvert skipti. Einn „stagbolti“ gengur í gegnum skiljuna til að halda henni saman. Á neðri hluta boltans, sem er sverari, leikur hverfillinn (skilkarlinn) en ofar er boltinn grennri upp í gegnum hlífina (hjálminn) sem er hert niður með botnró. Þegar stagboltinn slitnaði lá hlífina laus ofan á skiljuhúsinu og sprautaðist því heit olían út úr skiljunni þar til vélin brotnaði og eldur tendraðist á glóandi málminum með sprengingu;
- að ofan á skiljunni eru skýr fyrirmæli um það hvernig herslu hennar skuli háttað. Þessi fyrirmæli eru áréttuð í Handbók vélarinnar (Operation manual ) og varað við ofherslu en hámarks hersla má ekki fara yfir 9,8 N/m (1,0 kgf/m);
- að framleiðandi gefur ekki upp líftíma stagboltans. Hann þarf ekki að vera yfirhertur nema einu sinni til að styrkur hans veikist svo mikið að hann geti slitnað hvenær sem er vegna þenslu efnanna sem hann heldur saman. Ekki er því ljóst hvort eða hvenær yfirhersla varð eða hvort galli í efni hafi átt hlut að máli.



4. Cover the cover, install the thrust collar (upper), and tighten the cap nut.

**Cap nut tightening torque 9.8 N·m (1.0 kgf·m)**

#### NOTICE

Avoid overtightening the nut and cap nut. When the cap nut is overtightened, the tightening power is lost during loosening at the next time and it may cause the spindle shaft to loosen.

5. While operating the filter, make sure oil does not leak from connected sections. Also, make sure the filter is not vibrating abnormally.

#### Nefndarálit:

Nefndin telur orsök atviksins vera að stagbolti hafi verið of hertur við hreinsun skiljunnar.